

til greiðsludags og kr. 6.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. marz 1953.

Nr. 141/1952. **Ákærvaldið** (Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

Guðna Halldórssyni. (Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáram Hæstaréttar.

Líkamsárás. Sýkna af ákæru um brot á 244. gr. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir sannað, að ákærði hafi gerzt sekur við ákvæði 217. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar er ekki í ljós leitt, að hann hafi brotið ákvæði 244. gr. sömu laga, og ber því að sýkna hann af því ákæruatriði, svo sem gert er í héraðsdómi. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði. Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar í héraði. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð :

Ákærði, Guðni Halldórsson, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu skaðabóta og sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Árnassýslu 6. marz 1952.

Ár 1952, fimmtudaginn 6. marz, var í sakadómi Árnassýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Selfossi af fulltrúa sýslumanns, Snorra Árnasyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5/1951, ákærvaldið gegn Guðna Halldórssyni, en málið var dómtekið þá samdægurs.

Mál þetta er höfðað gegn ákærða með ákæruskjali, útgefnu 15. sept. 1951 af dómsmálaráðuneytinu, fyrir brot gegn 217., 218. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 til refsingar, skaðabótagreiðslu, réttindamissis og málskostnaðargreiðslu.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 16. desember 1926 í Vestmannaeyjum, og hefur áður sætt eftirtöldum refsingum og ákærum:

- 1944 12/6 Vestmannaeyjar. Kærður af Bryngerði Bryngeirsdóttur fyrir að taka af henni hring. Afgreitt með áminningu og skaðabótum kr. 150.00.
- 1946 20/3 Reykjavík. Dómur aukaréttar, 60 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað.
- 1948 28/12 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1949 25/7 Reykjavík. Dómur, 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir svik.
- 1949 25/8 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir vanrækslu á að færa bifreið til skoðunar.
- 1949 24/9 Reykjavík. Dómur (setudómara S. S.) 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir þjófnað á hjólbarda frá sakadómar. Greiði 500 króna skaðabætur.
- 1950 23/6 Reykjavík. Áminning fyrir ölvun og óspektir innanhúss.
- 1950 15/5 Vestmannaeyjar. Kærður af Tryggingarstofnun ríkisins fyrir misferli með fæðingarstyrk. Refsing felld niður, gegn því að kærði greiði T. R. kr. 1500.00 auk 6% ársvaxta frá 7/2 1949 fyrir 1/10 1950.
- 1950 3/11 Reykjavík. Dómur (setudómari E. I.) 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 155. og 247. gr. hegningarlaga.

Atvik málsins eru þessi:

Á gamlárskvöld 1950 kom Karl Stefán Danielsson, prentari úr Reykjavík, á Selfossbíó og fékk þar leigt herbergi. Hann segir svo frá, að hann hafi lagt sig í herberginu um kl. 22.00. Stuttu síðar segir hann að komið hafi maður inn í herbergið og spurt eftir Guðmundi, hótelhaldaranum. Maður þessi fór síðan úr frakkanum og jakkanum og lagði sig á divan, sem var auður í herberginu. Um kl. 24.00 kveðst Karl Stefán hafa slökkt ljósið í herberginu og farið að sofa. Vissi hann ekki af sér fyrr en seinni hluta nætur, að hann vaknaði við það að hann var barinn a. m. k. þrjú högg á báða kjálka. Fékk hann glóðaraugu á bæði augu og efri vörin sprakk. Karl Stefán vissi ekki, hver valdur var að árásinni, en áleit, að þeir hefðu verið tveir, því að einn maður hefði ekki verið svona fljótur að

þessu og auk þess að leita í fötum hans og stela úr þeim peningum, en Karl Stefán saknaði kr. 120.00 í peningum, er áttu að vera í veski í jakkavasa hans, en jakkinn hékk á stólbaki í herberginu. Veskið kvaðst hann síðar hafa fundið í brjóstvasanum á frakka sínum á rúminu sínu og var það þá tóm. Karl Stefán kveðst hafa hér um bil rotast af högg-unum, en kveðst hafa heyrt, að herbergisfélagi hans vaknaði og fór að slást við einhvern. Hann kveðst ekki hafa þekkt herbergisféлага sinn. Herbergið segir hann að hafi verið ólæst og ekki hægt að læsa því.

Meiðsli Karls Stefáns voru samkvæmt vottorði Bergsveins Ólafssonar, lækni, dags. 12. jan. 1951, þessi:

Glóðaraugu beggja megin, allmjög þrútin í andliti og þó mest framan við vinstra eyra. Hrufl á húð hægra gagnauga og smá húðrispur vinstra megin á andliti. Auk þess hafi hann stöðugan höfuðverk, sem bendi til þess, að hann hafi fengið léttan heilahristing.

Magnús Jochumsson, rennismiður á Selfossi, skýrir svo frá, að hann hafi verið á áramótadansleik í Selfossbíói. Eftir dansleikinn kveðst hann hafa hitt Karl Stefán Danielsson, sem bauð honum inn í herbergi sitt. Skömmu eftir að þeir komu inn í herbergið, fór Karl Stefán frá, en Magnús lagði sig út af í legubekk í herberginu og sofnaði strax. Hann kveðst ekki hafa verið búinn að sofa nema litla stund, er hann vaknaði aftur. Stóð þá maður, sem hann þekkti ekki, á gólfinu í herberginu og lét allófriðlega. Magnús kveðst hafa staðið á fætur, en þá barði komu-maður hann í andlitið. Er Magnús spurði, hverju það sætti, að hann réðist að þeim Karli, en Karl lá alblóðugur í andliti í rúmi sínu, sagði árásarmaðurinn, að Magnús hefði barið sig að fyrra bragði. Magnús hopaði nú undan árásarmanninum fram gang hótelsins og fram í eldhús, en hinn elti og kom nokkrum höggum á andlit honum á leiðinni. Í eldhúsinu var hótelhaldarinn og fleira fólk. Árásarmaðurinn kom ekki inn í eldhúsið á eftir Magnúsi, en menn, sem staddir voru í eldhúsinu, snör-uðust fram í ganginn og komu inn með ákærða, sem hafði verið rétt við eldhúsdyrnar. Taldi Magnús, að hann væri árásarmaðurinn. Um sömu mundir kom Karl Stefán fram í eldhúsið blóðugur í andliti og bólgin.

Samkvæmt vottorði Magnúsar Ágústssonar héraðslæknis, dags. 3. jan. 1951, voru áverkar á Magnúsi Jochumssyni þessir:

Hægri kinn öll bólgin og blóðhlaupin neðan við augað, ennfremur er vinstri kinn nokkuð bólgin og skurður á höku, rúmur 1 cm. á lengd.

Auk þess saknaði Magnús armbandsúrs, sem hann telur að hafi verið í jakkavasa sínum, en jakkinn hékk á stólbaki í herberginu.

Ákærði hefur með öllu neitað að hafa átt nokkurn þátt í árásinni á þá Karl Stefán og Magnús og því að vera valdur að hvarfi peninga frá Karli Stefáni og úrs frá Magnúsi. Hann kveðst hafa verið á áramóta-dansleiknum á Hótel Selfoss, en kveðst aldrei hafa farið inn í gistihúsið. Hann kveðst þó hafa komið inn í eldhúsið. Hann kveðst hafa verið mikið drukinn, en þó muna sæmilega eftir því helzta, sem fyrir hann kom. Hann minnst þess ekki að hafa átt orðaskipti við Magnús Jochumsson um nóttina eða þá Eypór og Eggert Magnússyni frá Votmúla, en það eru

þeir, sem kipptu honum inn í eldhúsið úr hótलगanginum. Hann minnst yfirleitt einskis, sem fram fór á hótलगinu um nóttina, og hefur mótmælt framburði hinna af þeim sökum.

Vitnið Eggert Magnússon hefur borið það, að eftir dansleikinn hafi það verið statt í eldhúsi Hótel Selfoss, er Magnús Jochumsson kom þang-að inn, og skýrði frá því, að maður hefði ráðizt á þá Karl Stefán Daniels-son og barið þá og væri maður þessi frammi á ganginum. Vitnið fór þá fram í ganginn og var þar þá ákærði Guðni Halldórsson og kippti vitnið honum inn í eldhúsið.

Vitnið Jón Ingi Magnússon kveðst hafa verið statt frammi í hótलगinu eftir að dansleiknum lauk. Varð það vart við ákærða þar. Vitnið kom inn á herbergi Karls Stefáns Danielssonar og dvaldist þar smástund. Var það að tala við Karl Stefán, en Magnús Jochumsson svaf á legubekk í her-berginu. Er vitnið fór út úr herberginu, sá það ákærða á ferli á hótलगanginum. Vitnið fór þá inn á annað herbergi og dvaldist þar um stund, en fór síðan fram í eldhús. Voru þá komnir þar bæði Magnús og Karl Stefán og var verið að ræða um árásina á þá. Vitnið segir, að ljós hafi logað á öllum göngum hótलगisins um nóttina.

Framburður Karls Stefáns er nokkuð ruglingslegur, einkum að því er við kemur tímanum, er Magnús kemur inn í herbergi hans. Karl Stefán heldur því fram, að dimmt hafi verið í herberginu, er árásin var framin, en Magnús fullyrðir, að ljós hafi logað í því.

Með framburði Magnúsar, sem hefur árásarmanninn fyrir augum sér frá herbergi Karls Stefáns fram að eldhúsdyrum, Jóns I. Magnússonar, sem sér ákærða á ferli í hótलगanginum rétt áður en árásin er gerð, og Eggerts Magnússonar um það, að ákærði stendur utan við eldhúsdyrnar rétt um leið og Magnús kemur inn í eldhúsið, verður að telja fram komnar nægilega sterkar líkur fyrir því, að ákærði hafi verið árásarmaðurinn, til þess að sakfella hann. Hins vegar þykja ekki vera fram komnar nægar líkur fyrir því, að hann sé valdur að peningahvarfi frá Karli Stefáni og hvarfi úrs frá Magnúsi Jochumssyni og ber því að sýkna hann af ákæru fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur með árásinni á þá Karl Stefán og Magnús gerzt brot-legur við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þykir refsing hans hæfilega ákveðin með tilliti til þess, að hún er framin á Karli Stefáni sofandi, tveggja mánaða fangelsi.

Karl Stefán hefur gert skaðabótakröfu að upphæð kr. 4889.07, er sundurliðast þannig:

Vinnutjón	kr. 769.07
Horfnir peningar	— 120.00
Miskabætur	— 4000.00

Samtals kr. 4889.07

Vinnutjónið er sannað með vottorði vinnuveitanda og ber því að taka þá kröfu að fullu til greina. Krafa vegna horfinna peninga verður ekki tekin til greina. Miskabætur þykja hæfilega ákveðnar kr. 2000.00. Sam-

tals ber því ákærða að greiða Karli Stefáni kr. 2769.07.

Magnús Jochumsson hefur gert kröfu um skaðabætur, en hefur ekki sundurliðað kröfuna. Með hliðsjón af áverkum þeim, sem Magnús hlaut og lýst er í vottorði Magnúsar Ágústssonar héraðslæknis, þykir verða að dæma honum bætur og þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 1000.00.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Egils Sigurgeirssonar hrl., kr. 500.00.

Dráttur á málinu, síðan vörn var skilað, stafar af annríki dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Guðni Halldórsson, sæti tveggja mánaða fangelsisvist. Hann greiði Karli Stefáni Danielssyni prentara, Hverfisgötu 83, Reykjavík, kr. 2769.07 og Magnúsi Jochumssyni rennismið, Sel-fossi, kr. 1000.00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Egils Sigurgeirssonar hrl., kr. 500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 27. marz 1953.

Nr. 31/1953.

Gunnar Þorsteinsson f. h.

P. Rudebeck Larsen

gegn

Siglunesi h/f.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður

Áfrýjandi, Gunnar Þorsteinsson f. h. P. Rudebeck Larsen, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.